

Ársskýrsla

Félags forstöðumanna ríkisstofnana 2018 - 2019



Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana 2018 – 2019.

Frá vinstri: Halldór Ó. Sigurðsson , Svanhvít Jakobsdóttir, Ársæll Guðmundsson, Gissur Pétursson, Kristín Linda Árnadóttir, Magnús Guðmundsson og Margrét Hauksdóttir.

Inngangur

Ársskýrsla Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) veitir yfirlit yfir helstu verkefni og megináherslur á starfsárinu maí 2018 til og með apríl 2019. Nánari upplýsingar um starfsemina er að finna á heimasíðu félagsins (www.ffr.is) og í fundargerðum stjórnarfunda og félagsfunda.

Ársskýrslunni er skipt í eftirfarandi kafla:

1. Aðalfundur FFR 30. maí 2018
2. Störf stjórnar
 - Almennt um brottfall laga um kjararáð og afleiðingar þess
 - Umfjöllun um 5 ára skipunartíma forstöðumanna
 - Breytingar á starfsumhverfi forstöðumanna og vinna með KMR
3. Fundir og málþing 2018-2019
4. Lokaorð

1. Aðalfundur FFR 30. maí 2018

Þann 30. maí 2018 hélt Félags forstöðumanna ríkisstofnana aðalfund sinn á Grand Hótel í Reykjavík og var hann vel sóttur. Í fyrsta skipti var boðið upp á rafræna kosningu við stjórnarkjör og mæltist það vel fyrir, ekki síst hjá þeim forstöðumönnum sem ekki gátu sótt fundinn. Á fundinum var Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, kjörinn nýr formaður félagsins. Í stjórn voru jafnframt kosin Halldór Ó. Sigurðsson, forstjóri Ríkiskaupa, Margrét Hauksdóttir, forstjóri Þjóðskrár Íslands, og Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri Heilsugæslustöðva höfuðborgarsvæðisins. Þau Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, Ársæll Guðmundsson skólameistari Borgarholtsskóla, og Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga Íslands, sátu áfram í stjórn FFR, sbr. 6. gr. laga félagsins. Á fyrsta stjórnarfundum skiptu meðstjórnendur með sér verkefnum og var samþykkt að Margrét yrði varaformaður, Kristín Linda gjaldkeri og Ársæll ritari.

Í kjörnefnd voru kjörnir Björn Karlsson, forstjóri Mannvirkjastofnunar, Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, og Sveinn Runólfsson, fyrrverandi forstöðumaður.

Í desember 2018 skipaði félags- og jafnréttismálaráðherra formann félagsins, Gissur Pétursson ráðuneytisstjóra og stjórnarmanninn, Svanhvíti Jakobsdóttur skrifstofustjóra fjárlaga í nýstofnuðu félagsmálaráðuneyti frá 1. janúar 2019 og hættu þau í stjórn FFR frá og með þeim tíma.

2. Störf stjórnar

Stjórn FFR fundaði að jafnaði mánaðarlega á starfsárinu en tekið var sumarhlé í ágúst 2018. Stjórnin hélt alls 13 bókaða stjórnarfundi á starfsárinu, en jafnframt sótti stjórn,

kjörnefnd eða hluti þeirra ýmsa aðra fundi fyrir hönd FFR. Þær fundargerðir sem ritaðar voru má finna á heimasíðu félagsins. Meðal annars sátu formaður/varaformaður, gjaldkeri og ritari FFR fundi með starfsmönnum í kjara- og mannauðssýslu ríkisins (KMR), sem haldnir voru að jafnaði mánaðarlega frá september 2018 fram að aðalfundi FFR 2019. Framkvæmdastjóri FFR sat að jafnaði einnig þessa fundi.

Haldnir voru tveir félagsfundir á starfsárinu, annars vegar hádegisverðarfundur þann 6. nóvember 2018 þar sem farið var yfir minnisblað Advel lögmannsstofu vegna viðskilnaðar kjararáðs þann 6. nóvember 2018, og hins vegar morgunverðarfundur þann 14. mars 2019 þar sem KMR fór yfir næstu skref vegna grunnmats starfa auk þess sem Anna Steinsen hélt fyrirlestur.

Stjórn FFR kom að fjölbreyttri vinnu tengdri hagsmunum forstöðumanna. Forstöðumönnum var kynnt ný ákvörðun um laun og grunnmat starfa í desember 2018 og í framhaldinu boðið að eiga samtalið við sitt fagráðuneyti um starfið. Rúmlega 50 forstöðumenn höfðu samband við FFR vegna hins nýja grunnmats og átti framkvæmdastjóri félagsins fundi með forstöðumönnum á skrifstofu FFR og/eða í fagráðuneytum, auk fjölmargra símtala og tölvupósta. Framkvæmdastjóri FFR tekur nú þátt í vinnu KMR við að rýna þær athugasemdir sem forstöðumenn og fagráðuneyti hafa sent til KMR vegna grunnmatsins, en stefnt er að því að þeirri vinnu verði lokið í lok júní 2019.

Þá tók stjórn FFR þátt í því að rýna stjórnendastefnu ríkisins og jafnframt tóku forstöðumenn þátt í rýnihópavinnu á vegum KMR í nóvember 2018. Í samræmi við óbirta stjórnendastefnu ríkisins er fyrirhugað að hefja vinnu vegna þriggja aðgerðaáætlana á vormánuðum og mun forstöðumönnum ríkisstofnana verða gefinn kostur á því að taka þátt í þeirri vinnu. Einnig rýndi stjórn FFR drög að reglum um starfskjör forstöðumanna og reglum um greiðslu viðbótarlauna forstöðumanna á fundum með KMR.

Varaformaður FFR, Margrét Hauksdóttir, tók sæti í samninganefnd ríkisins.

Almennt um brottfall laga um kjararáð og afleiðingar þess: Þann 30. maí 2018 lagði meirihluti efnahags- og viðskiptanefndar fram á Alþingi frumvarp til laga um brottfall laga um kjararáð nr. 130/2016. Frumvarpið var samþykkt 11. júní 2018 og féllu lög um kjararáð úr gildi 1. júlí 2018. Samkvæmt upplýsingum frá kjararáði biðu tugir mála frá forstöðumönnum opinberra stofnana, sem heyra undir ákvæði 39. gr. a laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, afgreiðslu kjararáðs. Með 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis í frumvarpinu var lagt til að málum þeirra aðila sem falla undir 39. gr. a laga nr. 70/1996, en séu með mál til meðferðar hjá kjararáði, verði lokið á grundvelli þeirrar lagagreinar. Af því leiði að kjararáð muni ekki taka ákvörðun um laun þeirra líkt og gert var ráð fyrir í 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis í lögum nr. 130/2016. Kjararáð kvað upp úrskurð um laun og starfskjör 46 forstöðumanna ríkisstofnana þann 14. júní 2018 og var sú ákvörðun afturvirk frá og með 1. desember 2017. Erindum annarra forstöðumanna var ýmist vísað til fjármála- og efnahagsráðuneytisins til

meðferðar eða vísað frá. Þeim erindum sem var vísað til ráðuneytisins var ekki svarað sérstaklega heldur var öllum forstöðumönnum birt ákvörðun um grunnmat starfa og launaröðun með bréfi, dags. 20. desember 2018. Stjórn FFR ákvað að leita til lögmannsstofunnar Advel og óskað eftir því að samið yrði minnisblað um réttarstöðu forstöðumanna ríkisstofnana í kjölfar niðurfellingar laga um kjararáð. Advel afhenti minnisblað sitt þann 5. október 2018 og var farið yfir það á félagsfundi þann 6. nóvember 2018. Stjórn FFR átti fund með Umboðsmanni Alþingis vegna afdrifa ólokinnna mála forstöðumanna hjá kjararáði og hefur nú falið lögmannsstofunni Advel að senda formlegt bréf til Umboðsmanns Alþingis.

Umfjöllun um 5 ára skipunartíma forstöðumanna: Í vinnu KMR við stjórnendastefnu ríkisins hefur verið lögð áhersla á samræmi í ráðningarferli, stjórnendasamtölum og starfslokum. Það hefur því skotið skökku við að nokkrir ráðherra ríkisstjórnarnarinnar hafa á undanförunum mánuðum auglýst störf forstöðumanna laus til umsóknar án þess að hafa gefið forstöðumanni sérstaka ástæðu fyrir ákvörðuninni og það þrátt fyrir að forstöðumaður hafi lýst yfir vilja sínum til að sinna starfinu áfram. Í vetur hefur stjórn FFR hitt mennta- og menningarmálaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra, á sitthvorum fundinum, til þess að ræða 5 ára skipunartíma forstöðumanna og komið á framfæri sjónarmiðum forstöðumanna og við það tilefni afhent ráðherrunum afrit af álitum Advel lögmannsstofu frá 19. september 2017. Báðir ráðherrar tóku vel í málflutning stjórnar FFR og röksemda.

Breytingar á starfsumhverfi forstöðumanna ríkisstofnana og vinna með KMR: Þrátt fyrir að búið sé að ákvarða grunnmat starfa forstöðumanna og nýtt launakerfi þá á eftir að fara yfir athugasemdir forstöðumanna og fagráðuneyta sem bárust KMR á vormánuðum. Þessi vinna er hafin og eins og fram hefur komið og tekur framkvæmdastjóri FFR þátt í þeirri vinnu að einhverju leyti. Þá er einnig ljóst að eftir er töluverð vinna vinna við að þróa og innleiða nýtt verklag varðandi fyrirkomulag ráðningarmála, launaákvarðana, frammistöðumats, starfsþróunar, hreyfanleika og starfsloka forstöðumanna. Mjög mikilvægt er að forstöðumenn verði ekki þolendur í þessu ferli heldur gerendur svo að hin verðmæta reynsla og þekking forstöðumanna nýtist við þróun verklagsins. Því skiptir aðkoma forstöðumanna við rýnihópavinnu miklu máli og vonandi sjá sem flestir forstöðumenn sér fært að taka þátt í einhverjum vinnuhópum. Væntanlega mun vinna vegna þriggja aðgerðaáætlana hefjast á næstu vikum, þ.e. vegna ráðningarferlis, stjórnendasamtala og endurgjafar, og starfsloka, en það verður auglýst og óskað eftir þátttakendum þegar nánari upplýsingar liggja fyrir.

3. Fundir og málþing 2018-2019

Haldnir voru tveir félagsfundir á starfsárinu, annars vegar hádegisverðarfundur þann 6. nóvember 2018 þar sem farið var yfir minnisblað Advel lögmannsstofu vegna viðskilnaðar kjararáðs þann 6. nóvember 2018, og hins vegar morgunverðarfundur þann 14. mars 2019 þar sem KMR fór yfir næstu skref vegna grunnmats starfa auk þess sem Anna Steinsen hélt fyrirlestur.

4. Lokaorð

Í starfi stjórnar FFR bar hæst vinna við grunnmat starfa og nýtt launakerfi, samtöl forstöðumanna við fagráðuneyti sitt, stjórnendastefnu ríkisins og niðurlagningu kjararáðs. Einnig bar hátt samvinna við Kjara- og mannauðssýslu ríkisins vegna grunnmats starfa og stjórnendastefnu ríkisins. Fjárhagur félagsins hefur aldrei verið betri, félagið á tæpar 17 m.kr. í sjóði, en verkefni eru ærin og full þörf á þessu fjármagni til framtíðarverkefna.

Þeir sem starfa í stjórn og nefndum félagsins eru skipaðar hópi forstöðumanna sem allir eru tilbúnir að leggja á sig töluverða vinnu til hagsbóta fyrir félagsmenn. Ég vil þakka þeim fyrir óeigingjarnt starf í þágu félagsins.

*Fyrir hönd stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana
Margrét Hauksdóttir, varaformaður FFR*